

Þriðjudaginn 30. júní 1992.
 Nr. 257/1992. Vilhjálmur Þórhallsson hrl.,
 skiptastjóri í þrotabúi
 Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf.,
 gegn
 Ara A. Sigurðssyni og
 Sigurborgu Garðarsdóttur.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní sl. samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 16. s. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar dómsins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Pegar virt eru atvik málsins, sem rakin eru í hinum kærða frávísunardómi, verður að líta svo á, að bústjóri hafi átt þess nægan kost fyrir 22. apríl 1991 að kynna sér nauðsynleg gögn til að geta metið lagaskilyrði fyrir höfðun riftunarmáls. Verður því að líta svo á, að sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, er stefna í máli þessu var birt 22. október 1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm um annað en málskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum sameiginlega kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að engar skýringar hafa komið fram á því, hvers vegna auglýstur skiptafundur 14. mars 1991 var ekki haldinn. Þar sem ekki varð af því og látið var hjá líða að auglýsa síðari skiptafundi, kom ekki til þess, að skiptastjóri yrði kosinn, sbr. 90. gr. gjaldþrotalaga. Af þessu leiddi og, að eigi reyndi á ákvörðunarvald

skiptafundar um höfðun riftunarmáls, sbr. 4. mgr. 96. gr. laganna. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að bústjóri hafði ekki samráð við kröfuhafa utan skiptafundar um höfðun riftunarmáls, og eigi verður séð, að hann hafi borið ákvörðun sína um það undir skiptaráðanda, sbr. 1. mgr. 93. gr. laganna og 105. gr. in fine. Þessa annmarka á málsmeðferð verður að átelja.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., bústjóri í protabúi Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf., greiði varnaraðilum, Ara A. Sigurðssyni og Sigurborgu Garðarsdóttur, sameiginlega 40.000 krónur í málskostnað í héraði og 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 15. maí 1992.

1. Með stefnu, birtri 22. október 1991, höfðaði Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri í protabúum Jóhanns L. Arasonar, kt. 080457-3839, Hringbraut 136 E, Keflavík, og Sjófisks sf., kt. 520687-1149, Keflavík, mál þetta gegn Ara A. Sigurðssyni, kt. 110533-4469, Háaleiti 7, Keflavík, og Sigurborgu Garðarsdóttur, kt. 250362-2429, Hringbraut 136 E, Keflavík, til riftunar á gjöf Jóhanns L. Arasonar, er felist í samkomulagi þeirra, dags. 28. 11. 1989, um framsal á kaupsamningi Jóhanns og stefndu, Sigurborgar, um húseignina nr. 136 E við Hringbraut í Keflavík til stefnda, Ara, og jafnframt á ráðstöfun á útborgunargreiðslum Jóhanns vegna sölu á Mávabraut 2 E. Gegn stefnda, Ara A. Sigurðssyni, var málið jafnframt höfðað til endurgreiðslu, aðallega 2.188.585 kr., til vara 1.719.345 kr., til þrautavara 919.345 kr., í öllum tilvikum ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 75/1987 frá 28. 11. 1989 til greiðsludags. Þá var þess krafist, að stefndi, Ari A. Sigurðsson, yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, er bæri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru í greinargerð þessar dómkröfur gerðar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, til þrautavara, að endurgreiðslukrafan verði lækkuð

verulega og vextir einungis dæmdir samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 og upphafstími þeirra ákveðinn þingfestingardagur málsins, 30. 10. 1991. Í öllum tilvikum er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ til handa stefndu, hvoru um sig, krafist úr hendi stefnanda og þess jafnframt, að málskostnaðurinn beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Að loknum munnlegum málflutningi um aðalkröfu stefndu 14. f. m. var málið tekið til dóms eða úrskurðar. Dómkröfur stefndu eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Stefnandi krefst sýknu af kröfum stefndu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi þeirra.

2. Samkvæmt afsali, útg. 12. janúar 1989, varð Jóhann L. Arason eigandi íbúðar í fasteigninni nr. 2 E við Mávabraut í Keflavík. Með kaupsamningi, dags. 1. júní 1989, seldu Jóhann og sambýliskona hans, stefnda, Sigurborg, íbúðina. Þau keyptu íbúðina að Hringbraut 136 E í Keflavík með kaupsamningi, undirrituðum 13. júní 1989. Hinn 28. nóvember 1989 undirrituðu Jóhann og stefnda, Sigurborg, samkomulag við seljanda greindrar íbúðar um það, að vegna vanefnda þeirra kaupendanna framseldu þau Ara Sigurðssyni, föður Jóhanns, kaupsamninginn með þeim réttindum og skyldum, sem hann segði til um.

Sameignarfélagið Sjófiskur sf., eign Ólafs Arnbjörnssonar, Sveinbjörns Bjarnasonar og Jóhanns L. Arasonar, var skráð í firmaskrá Keflavíkur 11. júní 1987. Með bréfi, dags. 27. júní 1990, óskuðu nefndir eigendur eftir því við skiptaráðandann í Keflavík, að bú Sjófisks sf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta sem og bú þeirra sjálfra. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag í skiptarétti Keflavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, voru bú framangreindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt innköllun, útg. 24. nóvember 1990, var auglýst, að „skiptafundur verður haldinn í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, fimmtudaginn 14. mars 1991 kl. 11. Á skiptafundinum verður lögð fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið og ákvarðanir teknar um málefni, sem búið varða, þ. m. t. kosningu skiptastjóra svo og um höfðun riftunarmála, ef því er að skipta“. Um fund þennan er ekki bókað. Kröfulýsingarfresti lauk 27. febrúar 1991, og þann dag var stefnandi ráðinn bústjóri til bráðabirgða samkvæmt upplýsingum hans.

Fyrsti bókaði skiptafundur í þrotabúunum er haldinn 23. apríl 1991, án þess að fram komi, að hann hafi verið auglýstur í samræmi við 2. tl. 96. gr. laga nr. 6/1978 eða til hans boðað á nokkurn annan hátt, og verður að álykta, að hann hafi verið ákveðinn af skiptaráðanda á skiptafundi 14. mars. Stefnandi var skipaður skiptastjóri á fundi þessum, sem var frestað til 21. maí s. á. Á þeim fundi var lögð fram kröfulýsingarskrá og fundi

frestað til 2. júlí s. á. Þá var lögð fram „skýrsla bústjóra“ og fundi frestað til 10. september s. á. Á þeim fundi fékk hæstaréttarlögmaður afhent bók-hald Sjófisks sf. til rannsóknar vegna krafna umbjóðanda síns og fundinum frestað til 22. október. Um frekari bókanir er ekki að ræða. Á engum bók-aðra skiptafunda var tekið fyrir að ákveða höfðun riftunarmála. Þess skal getið, að samkvæmt því, sem bókað var, er ýmist, að fundirnir varða gjald-protamál Sjófisks sf. og nafngreindra eigenda, gjaldprotamálin Sjófiskur sf. og eigendur eða aðeins þrotabú Sjófisks sf. Uppskrift á eignum búanna fór ekki fram, svo að séð verði. Samþykktar almennar kröfur í þrotabú Sjófisks sf. nema 14.871.402 kr., en umdeildar forgangskröfur 6.807.684 kr. Lýstar kröfur í þrotabú Jóhanns L. Arasonar nema 2.161.480 kr. Skýrslur í skiptarétti vegna gjaldprotanna voru teknar af aðilum og vitnum í maí og júní 1991. Af Jóhanni L. Arasyni var tekin skýrsla 3. maí, af stefnda, Ara A. Sigurðssyni, 28. maí og af stefndu, Sigurborgu Garðars-dóttur, 6. júní.

3. Stefndu styðja kröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að til þess að koma fram riftun á grundvelli laga nr. 6/1978 þurfi að höfða mál innan 6 mánaða, frá því að sá, sem með skipti fer, eigi þess kost að gera kröfuna, sbr. 68. gr. laganna. Á því er byggt, að þessi frestur hafi verið liðinn, þegar mál þetta var höfðað. Upphafsdagur frestsins hafi verið 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um, að hann hafi ekki þá þegar átt þess kost að gera riftunar-kröfuna.

Af hálfu stefnanda er fært fram, að fyrst við skýrslutökur í maí 1991 hafi fengist upplýsingar, er tekið hafi af allan vafa um ýmsa gerninga eig-enda Sjófisks sf. til að skjóta eignum undan aðför kröfuhafa. Í þinghaldi 14. f. m. lagði stefnandi fram svofellda bókun: „Í greinargerð lögmanns stefndu á dskj. nr. 42 beinir hann til mín svofelldri áskorun:

„Skorað er á skiptastjóra að gefa nákvæmar upplýsingar um, hvenær hann fékk vitneskju um sölu íbúðarinnar á Hringbraut til stefnda, Ara“.

Kaupsamninga Jóhanns Arasonar og stefndu, Sigurborgar, um Máva-braut 2 E og Hringbraut 136 E ásamt samkomulagi þeirra og stefndu, Ara, fékk ég í hendur einhvern tímann á tímabilinu 27. 2. 1991, þegar ég var ráðinn bústjóri, og þar til skýrslutökur hófust í skiptarétti 3. maí 1991. Get ég ekki tímasett það nákvæmar.

Í skiptarétti neitaði stefndi, Ari, að láta mér í té kvittanir fyrir útborg-unargreiðslum í Hringbraut 136 E. Þessr kvittanir fékk ég um miðjan júlí 1991 frá Hilmari Péturssyni fasteignasala, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Kvittanir fyrir útborgunargreiðslum vegna sölu Jóhanns og stefndu, Sigurborgar, á Mávabraut 2 E fékk ég frá Ásbirni Jónssyni hdl. á sama tíma.“

4. Málshöfðunarfrestur samkvæmt 1. tl. 68. gr. gjaldþrotalaga nr.

6/1978 er ákvarðaður af tilliti til hagsmuna viðsemjanda þrotamanns og öryggis viðskiptalífs.

Ljóst er af skýrslutöku af Jóhanni L. Arasyni 3. maí 1991, að skiptastjórinn hafði þá undir höndum þau gögn öll í meginatriðum, sem máls-höfðunin er byggð á.

Það er regla íslensks réttar, sbr. H. 1988, 590, að upphaf sex mánaða málshöfðunarfrests til að koma fram riftun samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaganna teljist vera sá dagur, er kröfulýsingarfresti lauk, eða síðari dagur, ef sérstök tilvik leiða til þess, að sá, sem með skipti fer, á þess þá fyrst kost að gera riftunarkröfuna.

Í máli þessu eru þær einar dagsetningar, sem til álita koma í þessu efni, 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, og 14. mars s. á., er löglega auglýstur fundur skyldi haldinn eða var haldinn til að taka ákvörðun um höfðun riftunarmála. Frestur til málshöfðunar var því liðinn 22. október 1991, er mál þetta var höfðað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er fallist á kröfu stefndu um að vísa málinu frá dómi. Þá er fallist á kröfu þeirra um málskostnað, sem ákveðst 120.000 kr.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri þb. Jóhanns L. Arasonar og Sjófisks sf., greiði stefndu, Ara A. Sigurðssyni og Sigurborgu Garðarsdóttur, málskostnað, 120.000 kr.
